

Duushús

Peter Duus og kona hans Ásta Tómasdóttir Bech keyptu verslunarjörðina Keflavík á vordögum árið 1848 en þau koma frá Eyrarbakka. Duusverslunin eflist og sást það m.a. á húsum sem fyrirtækið byggði, t.d. var byggt sérstakt verslunarhús árið 1871, sem nú heitir Gamla búð, nýtt pakkhús (vöruhús) árið 1877 sem kallað hefur verið Bryggjuhúsið. Bæði þessi hús standa enn og eru vitnisburður um langa sögu verslunar í Keflavík sem lengi var með verðmætustu verslunarhöfnum landsins sökum sterkrar stöðu sjávarútvegs á svæðinu.

Dönsku verslunarhúsin eru jafnframt fyrsti vísirinn að íslensku þéttbýli sem náði fótfestu á 19. öld. Dönsku húsin voru flest háreist timburhús en umhverfis þau mátti sjá lágreistari hús Íslendinga, torfbæi til að byrja með en síðar komu litlu bárujárnsklæddu timburhúsin. Veldi Duusverslunar í Keflavík stóð fram á 20. öld en allar eignirnar voru seldar árið 1920 til íslenskra athafnamanna.

Byggingarnar voru nýttar áfram aðallega fyrir fiskverkun. Í lengjunni eru tvær neðstu einingarnar byggðar af Duusverslun en allar hinar eru yngri. Öll þessi hús eru nú í eigu Reykjanesbæjar og þar er rekin lista- og menningarmiðstöð bæjarins.

Bryggjuhús

Reist 1877 fyrir Duusverslun í Keflavík.

Hans Peter Duus lét reisa Bryggjuhúsið sem vörugeymsluhús (pakkhús) fyrir Duusverslun. Eins og nafnið gefur til kynna var húsið reist upp af Duusbryggju en það auðveldaði allan flutning að hafa bryggjuna svona nærri. Teinar lágu frá bryggjunni inn í húsið þannig að hægt var að keyra vagnana beint inn. Enn má sjá vinduhjólið sem nýttist við að hífa varning upp og niður. Athyglisvert er að brunnur er inni í húsinu fyrir verslunina. Fyrir daga vatnsleiðslna þurfti að sækja allt vatn í brunna og hefur þessi ráðstöfun verið þægileg fyrir heimilisfólkið og auðveldað mönnum vinnuna.

Þegar Duusfjölskyldan seldi allar eigur sínar í Keflavík árið 1920 þá var húsið notað áfram sem pakkhús fyrir fiskafurðir og til að geyma veiðarfæri og fleira.

Húsið komst í eigu bæjarins rétt fyrir aldamótin síðustu. Það var keypt, ásamt öðrum húsum í nágrenninu, til að nýta sem menningarhús og til að vernda sögulegt landslag bæjarins. Viðgerðum á Bryggjuhúsi lauk á vordögum 2014 og var húsið opnað almenningi 29. maí 2014. Þar með lauk viðgerðarsögu húsanna.

Ný Grunnsýning Byggðasafns var opnuð á miðlofti Bryggjuhúss, 29. maí 2014. Á sýningunni er stiklað á stóru um sögu svæðisins. Fjallað um landnámskálann í Höfnum,

Stekkjarkot, Ágúst Olavsen sem var með stórar hugmyndir um skipulag og fegrun Keflavíkur. Um fiskverkun og vinnslu, verslunina, ferðalög og náttúruna. Farið er fram og aftur í tíma, menningin flæðir til náttúrunnar og öfugt.